

Utanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Utanríkismálanefnd
Sendandi: Utanríkisráðuneytið
Dagsetning: 23.05.2008
Málsnúmer: UTN07010167
Bréfalykill: 26.M.001

Efni: Mál 107 - mannréttindabrot og fangabúðir í Guantanamo

Afstaða íslenskra stjórnvalda til mannréttindabrota og meðferðar á föngum almennt

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað bent á mikilvægi þess að aðgerðir gegn hryðjuverkum megi ekki vera á kostnað mannréttinda. Hefur því sjónarmiði verið haldið víða á lofti, meðal annars á hæstvirtu Alþingi, til dæmis í ræðu utanríkisráðherra fyrir Alþingi frá nóvember sl, á allsherjarþingi SP og á fundum mannréttindaráðs SP og nú síðast á fundi mannréttindaráðsins í Genf fyrir nokkrum vikum.

Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir möguleika á að fangar verði fluttir með ólögmættum hætti yfir Ísland. Sem dæmi má nefna samantekt sem unnin var í utanríkisráðuneytinu um för tiltekinna loftfara um íslenska lofthelgi á sl. ári. Í kjölfarið var efnt til samráðs milli utanríkis-, dómsmála-, fjármála- og samgönguráðuneyta til að kanna hvaða leiðir væru færar til að styrkja eftirlit með loftförum sem lenda á millilandaflugvöllum á Íslandi.

Niðurstaða þess samráðs var að eftirlit með loftförum sem lenda á Íslandi væri fullnægjandi af hálfu allra sem hafa slíkt lögbundið hlutverk með höndum, en til að efla það enn frekar var flugstjórum loftfara eftirleiðis gert skylt að upplýsa í flugáætlun ef um borð væri einstaklingur sem væri frelsissviptur með einhverjum hætti. Þessi breyting tók gildi 10. apríl 2008.

Afstaða íslenskra stjórnvalda til fangabúða í Guantanamo

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að Bandaríkin, eins og önnur ríki, fari í einu og öllu eftir gildandi mannúðar- og mannréttindalögum. Jafnframt er haft hugfast að í því sambandi eru Bandaríkin lýðræðisríki með öflugt og sjálfstætt réttakerfi. Vonir eru bundnar við að réttarkerfi þeirra taki á þessu máli.

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað komið þeim skilaboðum til bandarískra stjórnvalda að ólögmætt fangaflug með millilendingu hér á landi sé algjörlega óásættanlegt. Stefnt verði að leit í öllum vélum sem millilenda hér á landi til að sjá til þess að þessum tilmælum sé fylgt eftir. Bandarísk stjórnvöld hafa verið hvött til að endurskoða starfsaðferðir sínar og finna aðra og betri lausn á vistun og málsmeðferð þeirra grunuðu hryðjuverkamanna sem þau hafa handsamað og vistað í Guantanamo.

Ályktanatillögur um verndun mannréttinda í aðgerðum gegn hryðjuverkum á vettvangi allsherjarþings og Mannréttindaráðs SP

Ályktun um verndun mannréttinda í baráttunni gegn hryðjuverkum hefur verið lögð fram á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna mörg undanfarin ár. Ályktunin hefur verið samþykkt án atkvæðagreiðslu og hefur Ísland verið meðflytjandi að henni.

Á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna hafa verið lagðar fram til margra ára sambærilegar ályktanir um verndun mannréttindanna í aðgerðum gegn hryðjuverkum. Ísland hefur verið meðflytjandi að umræddum tillögum og veitt þeim stuðning, þá hefur Ísland einnig flutt ræður á vettvangi ráðsins þar sem m.a. er tekið fram nauðyn þess að vernda mannréttindi í aðgerðum gegn hryðjuverkum. Eins og kunnugt er á Ísland ekki sæti í mannréttindaráði SP og greiðir þess vegna ekki atkvæði um ályktanatillögur. Þess má geta að mannréttindaráð SP ályktaði nú seinast á fundi ráðsins sem haldinn var í Genf frá 3. til 28. mars 2008, um verndun mannréttinda í aðgerðum gegn hryðjuverkum og átti Ísland meðflutningsaðild að þeirri tillögu sem var samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Tillögur á vettvangi mannréttindaráðs SP um Guantanamo

Á þingi mannréttindaráðs SP í apríl 2004 lagði Kúba fram ályktunartillögu um Guantanamo og átti ekkert ríki meðflutningsaðild að henni og var hún ekki afgreidd. Kúba lagði aftur fram ályktanatillögu um Guantanamo á þingi mannréttindaráðs SP árið eftir (2005). Tillagan var felld með 22 móttatkvæðum, 8 með (Guatemala, Kína, Kúba, Malasía, Mexíkó, Suður-Afríka, Súdan og Simbabve) og 23 ríki sátu hjá.

Staðan í Guantanamo

Þrátt fyrir að George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, og Robert Gates, varnarmálaráðherra, hafi báðir lýst yfir vilja til að loka fangabúðunum við Guantanamoflóa má eigi að síður telja ólíklegt að fangabúðunum verði lokað í valdatíð núverandi Bandaríkjaforseta. Er ástæðan fyrst og fremst sú að núverandi valdhafar hafa ekki getað fallist á nein önnur úrræði gagnvart þeim einstaklingum sem enn eru í haldi, svo sem að láta fangana lausa án nokkurra skilyrða, framselja þá til annarra ríkja, fela þá almenna réttarvörslukerfinu í Bandaríkjunum eða fara með þá sem hefðbundna stríðsfanga í samræmi við ákvæði Genfarsáttmálanna.

Hafa bandarísk stjórnvöld litið svo á að hætta stafaði enn af föngunum í Guantanamo og hafa því viljað að sérstakir herðómstólar réttuðu yfir þeim. Hins vegar hefur treglega gengið að ljúka réttarhöldum yfir þeim einstaklingum sem haldið hefur verið föngum í Guantanamo. Er rétt að nefna að Bandaríkjaþing samþykkti árið 2006 löggjöf um að koma á fót sérstökum herðómstólum sem falið var það hlutverk að rétta yfir Guantanamo föngunum. Áður hafði hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðað að sú ákvörðun Bandaríkjastjórnar að fela sérstökum herðómstólum að rétta yfir föngunum án sérstakar lagaheimildar stæðist hvorki bandarísk lög né ákvæði Genfarsáttmálanna. Frá því að umrædd löggjöf var samþykkt hafa hinir sérstöku herðómstólar aðeins lokið málsmeðferð í þremur málum, þar af var tveimur þessara mála vísað frá en í því þriðja náðu ákærvaldið og sakborningurinn samkomulagi um ákvörðun viðurlaga. Þó að flestum þeim föngum sem bandarísk stjórnvöld hafa talið óhætt að láta lausa hafi verið gert kleift að snúa aftur til síns heima eru dæmi um að heimalönd sumra þessara fanga hafi ekki viljað taka við þeim og í einstaka tilvikum hafa bandarísk stjórnvöld ekki verið reiðubúin að senda viðkomandi til heimalands síns af ótta við að viðkomandi mundi

sæta meira harðræði við heimkomuna (t.d. er svo háttað um kínverska múslima sem handteknir voru í Afganistan). Beðið er eftir úrskurði hæstaréttar Bandaríkjanna um það hvort fangar í Guantanamo hafi rétt samkvæmt stjórnarskrá BNA til að fara fyrir bandaríska dómstóla. Búist er við að dómurinn verði kveðinn upp í lok júní nk.